

AUGLÝSING um deiliskipulag í Mýrdalshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkt eftirfarandi skipulagsáætlun:

Skeiðflöt – deiliskipulag.

Í deiliskipulaginu felst að á 2,5 ha svæði fyrir verslun og þjónustu er gert ráð fyrir byggingu gistirýma í smáhýsum, bæði í nýjum byggingum og eldri byggingum sem fyrir eru. Einnig er gert ráð fyrir allt að 200 m² húsnæði fyrir starfsmenn, hótél/gistirými í 2 byggingum, 1.100 m² og 650 m², 7 smáhýsum, 50 m² hvert, 4.400 m² tjaldsvæði og bílastæði fyrir allt að 72 fólksbíla auk 2 rútustæða. Fjöldi gistirýma verður 90 og hámarksfjöldi bygginga 20.

Samþykkt í sveitarstjórn þann 16. júní 2020.

Ofangreind skipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Vík í Mýrdal, 10. ágúst 2020.

George Frumuselu, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 24. ágúst 2020